



Nefndasvið Alþingis
b.t. fjárlaganefndar
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 19. desember 2017

Efni: Umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2018

Fjárlaganefnd hefur óskað eftir umsögn Samtaka iðnaðarins (SI) um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2018.

Mjög mikilvægt er að ríkisstjórnin gæti að því að skapa skilyrði aukins og víðtæks stöðugleika í íslensku hagkerfi. Í þessu sambandi þarf stjórn opinberra fjármála ásamt stjórn peningamála og aðilar vinnumarkaðarins að vera samhent í því að skapa stöðug starfsskilyrði fyrir fyrirtæki hér á landi. Með því má auka verðmætasköpun þjóðarbúsins og hagsæld samfélagsins sem skapar grundvöll að lífsskjarabótum hér á landi. Áhersla ríkisstjórnarinnar á stöðugleika og samkeppnishæfni í nýjum stjórnarsáttmála er jákvæð að mati SI og eru samtökin reiðubúin að leggja sitt af mörkum til þess að vinna að umbótum á þessum sviðum í íslensku samfélagi.

Hægir á hagvexti og dregur úr framleiðsluspennu

Skýr merki eru um að íslenska hagkerfið hafi náð hápunkti núverandi uppsveiflu. Hægt hefur umtalsvert á hagvexti þó að vöxturinn sé enn nokkuð hraður. Mældist hagvöxturinn 7,4% á síðastliðnu ári en á fyrstu níu mánuðum þessa árs var hann 4,3% og er því spáð að hann verði rétt ríflega 3% á næsta ári. Samhliða hægari hagvexti dregur úr framleiðsluspennu í hagkerfinu og við það losna framleiðsluþættir og atvinnuleysi eykst. Áfram má þó reikna með því að framleiðsluspenna verði til staðar í hagkerfinu en að úr henni dragi á næstu árum. Af þessum sökum er þörf á áframhaldandi aðhaldi í hagstjórn á næsta ári en minna en á þessu ári.

Dregur úr aðhaldi

Miðað við frumvarp til fjárlaga fyrir næsta ár dregur nokkuð úr aðhaldi í ríkisfjármálum milli áranna 2017 og 2018. Heildarjöfnuður er samkvæmt fjárlagafrumvarpi 1,3% af landsframleiðslu eða 35 ma.kr. Er það nokkuð minni afgangur en á árinu 2017 þegar hann er áætlaður um 2,0% af landsframleiðslu. Sveifluleiðréttur frumjöfnuður ríkissjóðs, þar sem búið er að taka tillit til hagsveiflunnar, er einnig að minnka á milli ára 2017 og 2018 samkvæmt fjárlagafrumvarpinu og aðhaldið í ríkisfjármálum því að minnka.

Mikilvægt er að ríki, Seðlabankinn og vinnumarkaðurinn gangi í takt með það að markmiði að skapa skilyrði aukins og víðtæks stöðugleika. Með því verður varin sú mikla kaupmáttaraukning ráðstöfunartekna sem náðst hefur á síðustu árum til hagsbóta fyrir heimilin í landinu.

Hvernig tekst til í þessum efnum veltur mikið á hvernig tekst til með kjarasamninga á næstu misserum en áhersla SI hefur verið á að láta gjaldeyrisskapandi greinar vera leiðandi í launamynduninni en ekki hið opinbera þ.m.t. ríkið. Í þessu sambandi fagna SI þeirri áherslu



ríkisstjórnarinnar að leggja mikla áherslu á að fá aðila vinnumarkaðarins til samstarfs um framtíðarskipulag kjaraviðræðna. Peningastjórnun þarf í þessu sambandi að vera framsýn en ef fram fer sem horfir mun að mati SI á næstunni draga talsvert úr þörfinni fyrir aðhald í peningamálum. Hið opinbera virðist þó taka það svigrúm til sín með auknum útgjöldum í stað aðhalds eða fjárfestinga.

Mikilvægt að halda áfram að greiða niður skuldir og lækka vaxtagreiðslur

Mikilvægt er að ríkisstjórnin nýti efnahagsástand líkt og nú er til að greiða niður skuldir og lækka vaxtakostnað ríkissjóðs. Þannig er betur tryggt að ríkið geti sinnt sínu hagstjórnarhlutverki og mildað niðursveifluna í þjóðarbúinu þegar að henni kemur. Ánægjulegt er að sjá hvað hefur mikið áunnist í þessum málum undanfarin ár.

Það er ánægjulegt að mati SI að sjá að í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir að skuldir og vaxtagreiðslur ríkisins muni halda áfram að lækka. Gert er ráð fyrir að hlutfall brúttóskulda af VLF verði 31,7% í lok næsta árs en skuldahlutfallið var hæst 86% af VLF árið 2011. Vaxtagreiðslur ríkissjóðs eru hins vegar enn mjög miklar þrátt fyrir að skuldahlutföll ríkissjóðs hafi lækkað. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu er reiknað með að þær verði um 7% af heildarútgjöldum ríkissjóðs á næsta ári.

Í nýlegu mati lánshæfisfyrirtækisins Fitch, þar sem fyrirtækið hækkaði lánshæfiseinkunn ríkissjóðs til langs tíma í erlendum gjaldmiðlum úr A- í A með stöðugum horfum, kemur fram að einn af þeim þáttum sem gætu þrýst á lánshæfiseinkunn ríkisins til hækkunar sé áframhaldandi lækkun opinberra skulda sem studd er af ábyrgri stefnu í ríkisfjármálum. Bætt lánshæfismat ríkisins nýtist ríkinu og öllu efnahagslífinu í bættum lánskjörum.

Forgangsröðun í þágu innviða

Innviðir í t.d. raforkumálum, samgöngumálum, fjarskiptum, veitumálum og úrgangsmálum skipta iðnaðinn, atvinnulífið og samfélagið allt miklu máli. Í nýlegri skýrslu SI og Félags ráðgjafarverkfræðinga (FRV) um innviði hér á landi kom fram að viðhaldi innviða hefur verið verulega ábótavant á ýmsum sviðum. Áhersla nýrrar ríkisstjórnar á innviðauppbyggingu vekur upp von um að gert verði átak á kjörtímabilinu í þeim efnum.

SI telja að brýn þörf sé á því að uppfæra samgönguáætlun og ríkisfjármálaáætlun í ljósi þess að auka þurfi fjármagn í innviðaframkvæmdir á næstu árum. Ný ríkisstjórn þarf þannig að móta heildstæða stefnu um uppbyggingu innviða – innviðastefnu – enda eykst þá yfirsýn og skilvirkni á þessu sviði. Innviðir eru lífæðar samfélagsins. Innviðir skapa hagvöxt, störf og lifandi samfélag. Með fjárfestingu í innviðum er fjárfest í lífsgæðum þjóðarinnar, samkeppnishæfni atvinnulífsins og hagvexti framtíðarinnar.

Aukning til vegamála ánægjuleg en of lítil

Samkvæmt ofangreindri skýrslu SI og FRV er 70 ma.kr. uppsöfnuð viðhaldsþörf í þjóðvegakerfi landsins og ástand þeirra mannvirkja er illa á sig komið sem krefst tafarlausra viðbragða.

Þeir auknu fjármunir sem verja á til samgöngumála samkvæmt fjárlagafrumvarpi eru því kærkomin viðbót þó að enn vanti talsvert upp á til þess að fullnægja ofangreindri uppsafnaðri viðhaldsþörf. Á þá eftir að bæta við þörf fyrir nýjar fjárfestingar á þessu sviði. Að mati SI er þörf á að gera sérstakt átak í samgöngumálum á kjörtímabilinu og ljóst að einkaaðilar þurfa að koma að



þeirri uppbyggingu. Innlendir jafnt sem erlendir fjárfestar eru áhugasamir um innviðaupbyggingu hér á landi og hér hefur byggst upp þekking á rekstri slíkra verkefna sem má nýta.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2018 er gert ráð fyrir að útgjöld ríkisins vegna viðhalds á vegakerfinu verði ríflega 8 ma.kr. á næsta ári og að það hækki um tæplega 1,4 ma.kr. frá fjárlögum þessa árs. SI fagna þeirri auknu áherslu á viðhald í vegamálum sem breytingin endurspeglar. Aukningin er hins vegar að mati SI of lítil m.v. þá uppsöfnuðu viðhaldsþörf sem er til staðar eins og bent var á í ofangreindri skýrslu SI og FRV.

Með nýfjárfestingum fari útgjöld til framkvæmda og viðhalds í vegakerfinu í 19,1 ma.kr. samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir næsta ár og er það aukning um 1,5 ma.kr. frá því sem fráfarandi ríkisstjórn gerði ráð fyrir. Fagna SI aukinni áherslu á málaflokkinn en bendir á að þörfin fyrir viðhald og nýfjárfestingar í vegakerfinu er mun meiri. Minnt er á að fjárfestingar í innviðaupbyggingu landsins skapa ekki meiri þenslu í hagkerfinu en önnur útgjöld ríkissjóðs.

Mikilvægt að lækka tryggingagjaldið

Það er ánægjulegt að mati SI að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar sé það forgangsmál á kjörtímabilinu að lækka tryggingagjald. Tryggingagjald er lagt á launakostnað fyrirtækja og samanstendur af almennum tryggingagjaldi og atvinnuleysistryggingagjaldi. Hátt tryggingagjald kemur verst niður á fyrirtækjum þar sem laun og launatengd gjöld eru stór hluti kostnaðar. Hátt tryggingagjald dregur úr afli fyrirtækja í að ráða til sín fleiri starfsmenn og veikir einnig samkeppnishæfni þeirra við erlend fyrirtæki. Bætt samkeppnishæfni Íslands er eitt af meginmarkmiðum ríkisstjórnarinnar samkvæmt stjórnarsáttmálanum og er því fagnað.

Það eru hins vegar vonbrigði að í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2018 skuli ekki vera gert ráð fyrir lækkun tryggingagjalds. Er reiknað með að gjaldið skili ríflega 96,4 mö.kr. á næsta ári sem er 5,6 mö.kr. meira en gert var ráð fyrir í fjárlögum fyrir þetta ár. Mun gjaldið samkvæmt þessu skila tæplega 11,5% af heildartekjum ríkissjóðs á næsta ári.

Mikil tregða hefur verið hjá ríkisvaldinu að lækka þetta gjald. Fyrir efnahagsáfallið 2008 var tryggingagjaldið 5,34%. Í kjölfar efnahagsáfallsins 2008 var gjaldið hækkað í 8,65%. Hækkun tryggingagjalds var hugsuð sem tímabundin aðgerð til að standa straum af skyndilegu atvinnuleysi sem skapaðist í því efnahagsáfalli. Nú þegar atvinnuleysið er lítið eiga þau rök sem notuð voru til að hækka gjaldið á sínum tíma ekki lengur við.

Í tengslum við síðustu kjarasamninga á almennum vinnumarkaði var gert samkomulag milli aðila vinnumarkaðarinnar og ríkisstjórnarinnar sem fól í sér lækkun tryggingagjalds um 0,5% á árinu 2016 og 0,5% á árinu 2017 sem síðan varð ekkert af. Jafnframt var handsalað samkomulag við fjármálaráðherra um að stefnt skyldi að því að almenna tryggingagjaldið sem nú er 5,4% færi í fyrra horf, þ.e. í 4,5%, á árinu 2018, enda skapi lækkun vaxtabyrði ríkissjóðs samhliða lækkun skulda ríkisins svigrúm til lækkunar gjaldsins. Það var sameiginlegur skilningur á að lækkun tryggingagjaldsins til fyrra horfs væri fyrirtækjum mikilvægt til að mæta miklum kostnaði við umsamdar launahækkanir og jöfnun lífeyrisréttinda án þess að raska efnahagslegum stöðugleika.

Það lá ljóst fyrir að kjarasamningarnir myndu ganga mjög nærri getu fyrirtækja og að mótvægisáðgerðir stjórnvalda væru nauðsynlegar til að kostnaðaraukinn færi ekki að stórum hluta út í verðlag. SI vilja benda á að stjórnvöld lofuðu lækkun tryggingagjaldsins í tengslum við síðustu kjarasamninga og er það von SI að það loforð verði efnt.



Hækkun á olúgjaldi, kolefnisgjaldi og áfengisgjaldi mótmælt

Auknum álögum á atvinnulífið í formi vörugjalda, sér í lagi olúgjalds og kolefnisgjalds, er mótmælt í þeirri mynd sem birtist í umræddu fjárlagafrumvarpi. Mörg fyrirtæki vinna nú hörðum höndum að því að draga úr losun og leita nýrra leiða til að ná markmiðum með því að skoða og innleiða aðra orkugjafa. Vilja félagsmenn samtakanna vinna að jákvæðri þróun í þessum efnunum. Samtökin vilja þó benda á að ef tilgangurinn með hækkun umræddra gjalda er sá að hvetja til orkuskipta er bent á að slíkt er ekki raunhæfur kostur sem stendur, sér í lagi fyrir iðnað og atvinnutæki sem nota svokallaða litaða olíu og möguleikar slíkra aðila til orkuskipta eru hverfandi. Þess vegna þarf mun lengri aðlögunartíma en þá örfáu daga sem eru til áramóta. Skammur fyrirvari kemur til með að hafa umtalsverð áhrif á verkefni sem nú þegar eru hafin eða fyrirtæki hafa skuldbundið sig til að vinna á næstu misserum. Þessar breytingar koma með allt of skömmum fyrirvara, virðast tilviljanakenndar og eru ekki hluti af ígrundaðri stefnumótun stjórnvalda. Er þetta í andstöðu við það markmið ríkisstjórnarinnar að auka samkeppnishæfni Íslands. Samtökin leggja til að lituð olía sé alfarið undanþegin kolefnisgjald, að stefnumótun sé ígrunduð og innleiðing eigi sér eðlilegan aðdraganda.

Hækkun á áfengisgjöldum um 2% til að mæta verðlagsþróun er einnig mótmælt og hvatt til þess að sú hækkun verði dregin til baka.

Fögnum áherslu á nýsköpun og rannsóknir og þróun

Lönd sem eru leiðandi í framleiðslu eru í stöðugri nýsköpun og fjárfestingu í rannsóknum og þróun (R&D). Vísinda- og tækniráð hefur markað stefnu um að útgjöld til R&D skuli nema 3% af vergri landsframleiðslu og er það í takt við markmið annarra þjóða í þessum efnunum. Nú nemur framlagið rétt rúmum 2% af vergri landsframleiðslu. Um 2/3 hlutar framlaga til R&D koma frá atvinnulífnum og þriðjungur frá háskólum og hinu opinbera. Hið opinbera þarf að leggja meira til í þessu efni í því skyni að ná þeim markmiðum sem Vísinda- og tækniráð hefur sett, bæði með beinum hætti og óbeint með hvötum fyrir atvinnulífið. Er því sérstaklega ánægjulegt að sjá að í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar hyggst hún endurmeta fyrirkomulag á endurgreiðslu kostnaðar vegna rannsókna og þróunar í því skyni að afnema þak sem verið hefur á slíkum endurgreiðslum. Er þetta gert til að bæta alþjóðlega samkeppnishæfni Íslands. Það eru hins vegar vonbrigði að ekkert sé um það í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir næsta ár. Samtökin áréttu mikilvægi þess að ráðist sé strax í þessar aðgerðir og að þökin verði afnumin. Mun slík aðgerð verða lyftistöng fyrir nýsköpun íslenskra fyrirtækja og auka samkeppnishæfni Íslands.

Áréttum viljayfirlýsingu vegna Kvikmyndasjóðs Íslands

Í fylgiriti með fjárlagafrumvarpi kemur fram að Kvikmyndasjóður verði 994,7 milljónir 2018. Í viljayfirlýsingu frá 26. október 2016, sem undirrituð var af fjármála- og efnahagsráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra, var lýst yfir vilja til að veita 125 m.kr. í fjárlögum fyrir árin 2018 og 2019 til Kvikmyndasjóðs Íslands, alls 250 m.kr. umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir í samkomulagi um stefnumörkun fyrir íslenska kvikmyndagerð fyrir árin 2016-2019. Samtök iðnaðarins áréttu umrædda viljayfirlýsingu og vænta þess að ráðherra og Alþingi taki tillit til hennar við gerð fjárlaga fyrir 2018.

Forgangsröðun og endurmat mikilvægt samhliða auknu fjármagni til menntamála

SI fagna hækkun til menntamála sem fram koma í frumvarpinu. SI telja afar mikilvægt að hækkuð framlög til framhaldsskóla verði sérstaklega notuð til að styrkja áherslumál sem fram koma í frumvarpinu sem og í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar, að efla iðnnám og verk- og starfsnám í



þágu fjölbreytni og öflugra samfélags. Með hliðsjón af þessari orðræðu telja SI einnig brýnt að samhliða auknum fjárframlögum til háskólanna verði námsframboð í háskólum landsins endurskoðað og að í því sambandi verði sérstaklega horft til þess að efla fagháskólanám og nám á háskólastigi sem byggir á grunni í iðn- og tæknimenntun.

SI fagna áformum um endurskoðun á stjórnsýslu starfsnáms og leggur áherslu á að sú vinna verði skoðuð heildstætt og með hliðsjón af tækifærum til frekari þróunar og eflingar námsins. Samtök iðnaðarins leggja áherslu á að endurskoðun á vinnustaðanámssjóði sé unninn samhliða endurskoðun á stjórnsýslu starfsnáms. Það eru vonbrigði að framlög til vinnustaðanáms dragist saman á milli ára.

A handwritten signature in blue ink that reads 'Ingólfur Bender'.

Ingólfur Bender,
aðalhogfræðingur SI

A handwritten signature in blue ink that reads 'Sigurður Hannesson'.

Sigurður Hannesson,
framkvæmdastjóri SI